

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 139/1829

komudagur 22.3.2011

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Viðskiptanefnd,  
b.t. Selmu Hafliðadóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

18. mars 2011

Tilvísun: 2011010362

## Efni: Frumvarp til nýrra laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

Á fundi viðskiptanefndar Alþingis þann 9. mars sl. óskuðu nefndarmenn eftir upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu um eftirfarandi ákvæði í frumvarpi til nýrra laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði.

### A. Ákvæði 1. mgr. 71. gr.

Í 1. mgr. 71. gr. frumvarpsins kemur fram að brot gegn lögnum sæti aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Nefndarmenn óskuðu eftir upplýsingum um hvort skilja mætti ákvæðið sem svo að einungis Fjármálaeftirlitið geti kært brot á lögnum til lögreglu.

Samsvarandi ákvæði er í núgildandi lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003, nánar tiltekið í 1. mgr. 70. gr. d. laganna. Ákvæðið kom inn með lögum nr. 55/2007, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði. Með lögum nr. 55/2007 var samsvarandi ákvæði einnig sett í ýmiss önnur lög á fjármálamarkaði, eins og lög um verðbréfavíðskipti, lög um fjármálafyrirtæki, lög um starfsemi kauphalla, lög um rafræna eignaskráningu verðbréfa, lög um váttryggingarstarfsemi og lög um miðlun váttrygginga. Markmið þessarar lagasetningar var að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsluviðurlög væru bæði lögbundin sem viðurlög við broti, þannig að ekki kæmi til þess að málið yrði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu. Frumvarp til laga nr. 55/2007 var samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum. Nefndin fjallaði sérstaklega um áhrif ákvæða 1. mgr. 4. gr. viðauka 7 við mannréttindasáttmála Evrópu en þar er kveðið á um að enginn skuli sæta lögsókn né refsingu að nýju í sakamáli innan lögsögu sama ríkis fyrir brot sem hann hefur þegar verið sýknaður af eða sakfelldur fyrir með lokadómi samkvæmt lögum og sakamálaréttarfari viðkomandi ríkis. Með vísan til tulkana Mannréttindadómstóls Evrópu, um að stjórnvaldsákvörðun um álagningu viðurlaga, sem fellur undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, geti komið í veg fyrir að hægt sé að dæma sama aðila refsingu fyrir sömu háttsemi, taldi nefndin að lausn á þessu fælist í því að lög yrðu byggð á þeirri meginreglu að viðurlög við tilteknu lögbroti yrðu aðeins ákveðin í einu máli en ekki fleirum. Bæri því að haga löggjöf með þeim hætti að ekki yrði kveðin upp fleiri en ein ákvörðun eða dómur til að koma fram viðurlögum við sömu háttsemi gagnvart sama aðila. Þyrfti því að samhæfa hið almenna viðurlagakerfi og viðurlagakerfi eftirlitsstofnana í þeim tilvikum þar sem refsing og stjórnsluviðurlög væru bæði lögbundin sem viðurlög við broti,

þannig að ekki kæmi til þess að málið yrði rannsakað á sama tíma bæði hjá eftirlitsstjórnvaldi og lögreglu. Þegar svo stæði til ætti það að falla í hlut eftirlitsstjórnvaldsins að meta hvort ljúka ætti máli með stjórnsluviðurlögum eða kæra það til lögreglu.

Með vísan til alls framangreinds þá eru meint brot á lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sem bæði varða stjórnvaldssektum og refsingu, rannsökuð hjá Fjármálaeftirlitinu sem metur hvort málið skuli kært til lögreglu eða því lokið hjá stofnuninni. Berist lögreglunni erindi frá þriðja aðila, eins og t.d. hlutdeildarskírteinishafa, um meint brot á lögunum, þá yrði erindinu vísað til Fjármálaeftirlitsins til frumrannsóknar og, eftir atvikum, ákvörðunar um kæru til lögreglu.

**B. 8. og 9. mgr. 35. gr. frumvarpsins.**

Í 8. mgr. 35. gr. frumvarpsins kemur fram að samanlögð eign verðbréfasjóðs í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skuli ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins. Þá segir í 9. mgr. 35. gr. frumvarpsins að samanlögð eign verðbréfasjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skuli ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Á áðurnefndum fundi nefndarinnar kom fram af hálfu Fjármálaeftirlitsins að 8. og 9. mgr. 35. gr. frumvarpsins samræmdust ákvæði lokamálsgreinar 22. gr. tilskipunar 85/611/EEC (núgildandi UCITS tilskipun), en sams konar ákvæði er einnig að finna í lokamálsgrein 52. gr. tilskipunar 2009/65/EC (UCITS IV, sem tekur gildi 30. júní 2011). Nefndarmenn óskuðu eftir upplýsingum um hvort framangreint ákvæði tilskipunarinnar veitti svigrúm til að hækka hlutfallið.

Í 22. gr. tilskipunar 85/611/EC segir: „Member states may allow cumulative investments in transferable securities and money market instrument within the same group up to a limit of 20%.“

Það er álit Fjármálaeftirlitsins að ákvæði tilskipunarinnar veiti ekki svigrúm til að hækka hlutfallið.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Rúnar Guðmundsson

  
Guðlaug María Valdemarsdóttir